



# Félag eldri borgara á Akureyri og nágrenni

## Fundargerð aðalfundar EBAK 2.júní 2020

### 1. Setning aðalfundar

Haukur Halldórsson formaður EBAK.

#### Ávarp formanns

Ágætu félagar og aðrir góðir gestir! Það er oft notaður sá frasi að við stöndum á tímamótum og það má nú sennilega til sanns vegar færa.

Við höfum oft heyrt það á undanfögnu að nú séu fordæmalausir tímar og fordæmalausar aðstæður. Í þessu sambandi dettur mér í hug Kínverskt máltæki sem segir: „megi þú lifa á áhugaverðum tímum“. Ég held að það sé ekki ofsagt að þeir séu það núna.

Hvað var það eiginlega sem skeði hjá okkur flestum í fyrrihluta mars sl. Stoppaði gamla klukkan okkar á veggnum, eða hvað? Og er hún kannski farin að tifa aftur núna eftir tvo og hálfan mánuð.

Hvernig nýttum við þessa rúmlega tvo mánuði sem klukkan virtist vera stopp. Fengum við kannski óvænt tíma til þess að gaumgjæfa ýmislegt það sem okkur fannst alveg sjálfsagt og ekki myndi breytast, eða hvað?

Af heilbrigðisyfirvöldum sem lið í sjúkdómavörnum voru allt í einu settar margvíslegar þrengjandi reglur varðandi samskiptafrelsi og ferðafrelsi, þótt algjört útgöngubann væri ekki sett hér eins og víðast hvar annarsstaðar.

Mörg okkar sem hér erum í dag ætluðum t.d. að vera núna í skemmti- og fræðsluferð á Ítalíu.

Hvers við söknudum mest á þessu tímabili er væntanlega afstætt og einstaklingsbundið. Var það kannski að geta ekki spilað bingó, bridge, hafa samskipti við vini og ættingja eða að mega ekki lengur knúsa þá sem manni þykir vænst um.

Góðir félagar, ég hef nú veitt þessu félagi ásamt mörgu öðru góðu fólki forystu í fjögur ár og líkur nú á þessum fundi formennskutíð minni. Í því sambandi dettur mér í hug ljóðlína úr kvæði eftir Þjóðskáldið okkar góða, Jónas Hallgrímsson, en þar segir : „Það er svo bággt að standa í stað, mönnunum munar annaðhvort afturá bak ella nokkuð á leið“.

Það er von mín að þið fundarmenn teljið að félagið okkar hafi þokast fram á við frekar en aftur á bak á síðustu fjórum árum. Á þessum tíma hefur félögum í EBAK fjölgað um rúmlega 30% og að mínu mati er hér býsna öflugt félagsstarf. Ljóst er að með fjölgun félaga og aukinni starfsemi setur húsakosturinn hér í Bugðusíðu 1 okkur oft stólinn fyrir dyrnar í orðsins fyllstu merkingu. Varðandi úrbætur í húsnaðismálum félagsins hefur lítið þokast áfram og verður það væntanlega eitt brýnasta mál viðtakanda stjórnar að ráða bót á því máli.

Kæru félagar, það hefur verið mér sönn ánægja og þroskandi að stafa með þessu félagi sl. 4 ár.

#### Minnst látinna félaga

Frá því að við vorum hér síðast á aðalfundi fyrir rúmu ári síðan hafa nokkrir félagar okkar verið kallaðir af þessum heimi yfir móðuna miklu. Ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og minnst þessara félaga okkar um leið og við sendum ættingjum þeirra samúdarkveðjur.

#### Setning fundarins

Lögmæti fundarins var kannað og tekið fram að aðeins félagsmenn hefðu kosningarétt. Formaður sagði aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri og nágrenni 2018 settan og bar upp tillögu stjórnar um starfsmenn fundarins, Benedikt Sigurðarson sem fundarstjóra og að ritarar yrðu Margrét Pétursdóttir varaformaður félagsins og Garðar Lárusson meðstjórnandi. Tillagan var samþykkt samhljóða og fundarstjóri og ritarar tóku til starfa.

## 2. Skýrsla stjórnar starfsárið 1. apríl 2019 til 2. júní 2020.

Formaður félagsins, Haukur Halldórsson, fluttitur skýrslu stjórnar EBAK

Stjórn félagsins var þannig skipuð á starfsárinu: formaður Haukur Halldórsson, varaformaður Margrét Pétursdóttir, gjaldkeri Dóra Steinunn Jónasdóttir, ritari Hallgrímur Gíslason, meðstjórnendur Garðar Lárusson, Birgir Björn Svavarsson og Nanna B. Þórsdóttir.

Varamenn voru: Egill Jónsson, Sigurður Harðarson og Torfhildur S. Þorgeirsdóttir. Framkvæmdaráð starfar innan stjórnar en í því sitja formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri.

12 bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Auk þess kom framkvæmdaráðið saman til að undirbúa stjórnarfundir og vinna að öðrum verkefnum félagsins. Einnig sátu stjórnarmenn ýmsa aðra fundi. Skrifstofa félagsins var opin á miðvikudögum kl. 15-16, nema yfir sumarmánuðina. Einhver stjórnarmaður er þar ávallt til skrafs og ráðagerða. Sífelld nýta færri félagar sér þessa þjónustu.

### Nefndir félagsins

Stór hluti félagsstarfsins er á vegum hinna ýmsu nefnda en fastanefndir eru líkt og áður: Skemmtinefnd, ferðanefnd, fræðslunefnd, kaffinefnd, spilanefnd félagsvistar og í keppnisbridds, göngunefnd, netmiðlanefnd og golfnefnd. Á vegum stjórnar starfar gönguklúbbur yfir sumarmánuðina og dansklúbbur yfir vetrarmánuðina.

Einnig starfar uppstillinganefnd á vegum félagsins og sömuleiðis húsnæðisnefnd. Formenn eða talsmenn nefnda gera hér á eftir grein fyrir starfi nefnda sinna, Ég vil nota þetta tækifæri fyrir hönd stjórnarinnar til þess að þakka öllum nefndum fyrir vel unnin störf á árinu.

### Tillaga frá síðasta aðalfundi og afdrif hennar

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að fela öldungaráði Akureyrarbæjar að hafa forgöngu um stofnun starfshóps til að undirbúa aðgerðaráætlun í málum eldri borgara til næstu þriggja ára, sem feli í sér aukna almenna heilsuefingu eldri borgara í bæjarfélaginu. Frístundaráð afgreiddi ályktunina með því að segja að starfshópur um heilsuefingu væri til í bæjarfélaginu og ekki væri ástæða til að stofna nýjan hóp. Fulltrúa frá öldungaráði var boðið í hópinn, en síðan var hópnum breytt þannig að hann sitja eingöngu starfsmenn Akureyrarbæjar.

### Landsfundur LEB var haldinn 10. apríl 2019

EBAK átti sex fulltrúa á landsfundinum. Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður Landssambands eldri borgara setti fundinn og Ellert B. Schram formaður félags eldri borgara í Reykjavík bauð gesti velkomna. Síðan fluttu þær Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Heiða Björg Hilmisdóttir formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar ávörp. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum voru kynntar ályktanir um kjaramál og um heilsu- og velferðarmál.

Daginn eftir voru flutt nokkur fræðsluerindi í tilefni af 30 ára afmæli LEB.

Landsfundur LEB 2020 er áætlaður 30. júní 2020 og þá á EBAK rétt á sjö fulltrúum vegna aukins félagsfjölda.

### Rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusiðu

Samkvæmt samningi við Akureyrarbæ tók EBAK við stjórn og rekstri félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusiðu 1. júní 2018. Akureyrarbær leggur til fjármuni sem samsvara launum fyrir eina stöðu starfsmanns en ákveðið var að skipta því í tvö hlutastörf. EBAK fór fram á að fjárframlagið samkvæmt samningi yrði endurskoðað, þar sem ljóst var að það nægði ekki fyrir einu starfshlutfalli. Sú beiðni var samþykkt. Er nú framlag Akureyrarbæjar vegna ársins 2020 kr. 5.200.000,- en var kr. 4.000.000,- fyrir árið 2019.

Starfsstúlkurnar okkar, þær Linda Hrönn Sigfúsdóttir og Sunna Dögg Tavsén hafa unnið vel og flest gengið eins til stóð. Þó er ljóst að skipuleggja þarf betur sjálfbóðaliðastarf til að vinna með þeim vegna veikinda og þegar álag er mikið. Bugðusiðunefnd sem kölluð var svo og starfaði mikið á árunum 2016 til 2018, sá að mestu um sumaropnunina fyrir þau ár í sjálfbóðavinnu. Bugðusiðunefnd var ekki formlega fyrir hendi á síðasta ári.

Mikil aukning hefur verið á starfseminni, bæði varðandi mat, kaffi og ýmsa viðburði.

### Margþætt samstarf við Akureyrarbæ

Bergljót Jónasdóttir forstöðumaður tómstundamála er tengiliður okkar við bæjaryfirvöld en hennar yfirmaður er Kristinn Reimarsson sviðsstjóri samfélagssviðs. Gott og ánægjulegt samstarf hefur verið við hana og aðra starfsmenn bæjarins. Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri og

Kristinn komu í heimsókn og skoðuðu húsnæðið í Bugðusíðu vegna áframhaldandi beiðni okkar um úrbætur í húsnæðismálum félagsins.

Skipulagning og framboð á ýmsum námskeiðum í handverki, málun og fleiru hefur verið í höndum Tryggva Pálssonar og Þórunnar Jónsdóttur. Ormur Guðjónsson hefur séð um húslestur og fleira. Þökkum við þeim kærlega fyrir allt þeirra góða framlag.

### **Ýmsir fundir og námskeið**

Formaður og varaformaður mættu á aðalfund SAK í maí.

Lýsa, - „rokkhátíð samtalsins“ var haldin 6. - 7. september sl. hér á Akureyri í þriðja sinn. Fjölmarginir viðburðir voru á hátíðinni og var LEB þar með sérstakan bás.

Hinn árlegi haustfundur stjórnar með nefndum og klúbbum félagsins var haldinn 25. sept sl. Formenn og/eða talsmenn nefnda og klúbba gerðu grein fyrir því tómsunda- og félagsstarfi sem boðið var upp á frá aðalfundi 1. apríl 2019 og því starfi sem yrði á dagskrá haustannar 2019 og vorannar 2020. Þá gerðu stjórnarmenn grein fyrir ýmsum málum og verkefnum sem vinna þarf að. Skipst var á skoðunum um ýmislegt sem lítur að starfsemi félagsins og innra starfi.

30. september kom 32 manna hópur frá Félagi eldri borgara á Húsavík í heimsókn í Bugðusíðuna. Nokkrir EBAK félagar tóku á móti þeim. Þeim var boðið í kaffi og var þetta skemmtileg samverustund.

EBAK félagar fjölmenntu á málstofu í Háskólanum 10. október. Bar hún heitið *Er gott að eldast á Norðurlandi/Akureyri?* Voru þar flutt nokkur athyglisverð erindi um málefnið. Ráðstefnu HA og fræðslunefndar EBAK undir heitinu „*Leiðarkort um kerfið*“ sem halda átti nú í mars var ákveðið að fresta til haustsins vegna Covit.

LEB gaf út leiðbeiningabæklinga fyrir IPAD og Android spjaltdölvur. EBAK keypti fjórar spjaltdölvur og hefur haldið nokkrar kynningar fyrir þá sem litla eða enga reynslu hafa af tölvum og verður því haldið áfram. Nauðsyn á tölvukunnáttu eldri borgara eykst mjög mikið á allra næstu árum einkum vegna aukinnar velferðartækni. Þeir þurfa því að vera tilbúnir að taka á móti tækninni og afla sér grunnþekkingar í tölvumálum.

Stjórn EBAK stóð fyrir skriðsundnámskeiði í Glerárlaug. Þátttaka var góð.

Mikið hefur verið rætt um heilsueflandi samfélag á starfsárinu. 18. febrúar kynnti Anný Björg Pálmadóttir, sjúkrapjálfari, meistaraverkefni sitt, en það fjallar einkum um hreyfingu eldri borgara.

Starfsemi EBAK var kynnt á starfslokanámskeiði fyrir Akureyrarbæ 3. október sl. og á öðru slíku námskeiði fyrir Einingu/Iðju sem SÍMEY sá um þann 26. febrúar sl. Margrét Pétursdóttir varaformaður kynnti félagið í bæði skiptin.

### **Ýmis málefni.**

LEB blaðið kom út á vordögum og tóku félagar í EBAK að sér að dreifa því á félagssvæðinu. Mikið vantar á að félagar láti vita um breytt heimilisföng og olli það þó nokkrum óþægindum.

Afsláttarbók LEB og aðildarfélaganna var gefin út nú í apríl í endurbættu formi.

EBAK gerðist aðili að málsóknarsjóði Gráa hersins með stofnframlagi upp á 75.000 kr.

Félagsskirteini EBAK voru endurnýjuð í lok síðasta árs. Dóra og Garðar tóku það verkefni að sér og reyndist það all viðamikið. Afhending skirteinanna var auglýst og sóttu margir félagar sín skirteini. Skirteini til félaga sem búa utanbæjar voru póstlögð, en stjórnarmenn og fleiri tóku að sér að bera út þau skirteini sem enn voru eftir í byrjun febrúar.

Allar nefndir og klúbbar félagsins starfa eftir sérstökum starfslýsingum. Búið er að samræma texta þeirra eins og unnt er. Þar er meðal annars að finna reglur um skráningu á þátttöku í tómsundastarfinu í Bugðusíðu.

Möguleiki á ferðum á milli félagsmiðstöðvanna var kannaður og kom í ljós að ferliþjónusta bæjarins er eingöngu fyrir fatlaða. Auglýsing frá BSO um möguleika á afslætti var hengd upp í félagsmiðstöðvunum. Einnig var bent á leiðir 5 og 6 hjá strætó sem stoppa meðal annars á Bugðusíðu við Bjarg og einnig nálægt Boganum. Heldur lengra er í strætó úr Víðilundi, en tveir vagnar stoppa við Þingvallastræti, sinn hvoru megin við Dalsbraut.

Nokkur samskipti voru við Búfesti vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda í Holtahverfi austan Krossanesbrautar. Málið er í biðstöðu því enn er beðið eftir deiliskipulagi.

Í Bugðusíðu var settur upp hjólastólarampur, þannig að aðgengi fyrir fatlaða er auðveldara nú en áður.

Flutningur á hluta af starfsemi Punktsins, sem áætlaður var í september næstkomandi, var nokkuð í umræðunni í upphafi ársins og var Hallgrímur Gíslason fulltrúi EBAK í nefnd til að skoða það mál frekar. Áformum um flutninginn hefur nú verið frestað um sinn vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.

Félag eldri borgara á Akureyri var stofnað 3. október 1982 og verður félagið því 40 ára eftir rúm tvö ár. Nokkuð hefur verið rætt um hvernig er eðlilegast að halda upp á afmælið. Lögð verður fram tillaga á þessum aðalfundi um að skipa sérstaka afmælisnefnd.

Félagið hefur fest kaup á hjartastuðtæki og er nauðsynlegt að starfsfólk, stjórn og formenn hinna ýmsu nefnda fái kennslu í notkun þess.

### **Samþykktir félagsins.**

Nokkrar minni háttar breytingar og lagfæringar verða lagðar til á samþykktum félagsins á þessum aðalfundi. Meðal tillagna um lagabreytingar er að félagar 90 ára og eldri verði gjaldfrjálsir til félagsins, en það er í samræmi við samskonar tillögu sem kemur fram á aðalfundi LEB.

### **Fjárhagur félagsins.**

Gjaldkeri félagsins gerir grein fyrir fjárreiðum félagsins og leggur fram ársreikning félagsins. Segja má að reksturinn sé í jafnvægi. Félagar í EBAK voru í ársbyrjun 2019 tæplega 1460 en í árslok rétt rúmlega 1600.

Fresta varð aðalfundi EBAK sem hafði verið ákveðin þriðjudaginn 24. mars sl. vegna tilkomu veirusjúkdómsins Covit 19 sem var farin að stinga sér niður hér á landi eins og reyndar um heim allan. Vegna tilmæla landlæknis sem lið í smitvörnum var félagsmiðstöðvunum hér í Bugðusíðu og Víðilundi lokað fyrir allri starfsemi 16. mars. Nema að heimilt var að afgreiða pantaðan matarbakka milli kl. 12 og 13 á daginn. Slakað var á algjörri lokun þann 4. maí sl. og var þá ákveðið að hafa opið í félagsmiðstöðvunum á milli klukkan 9 og 13, þar sem eldri borgarar gætu komið saman til að lesa blöð, spjalla og fá sér kaffisopa. Ekki máttu þó vera fleiri saman í rými en 20 manns og gæta þurfti að tveggja metra nándarreglu. 25. maí sl. varð enn frekari tilslökun sem gerði okkur kleift að halda aðalfundinn í dag.

### **Þakkir.**

Þakka meðstjórnendum gott samstarf á árinu en þar eru flestir mjög virkir í starfi meðal annars vegna ákveðinnar verkaskiptingar sem við höfum með okkur.

Að lokum vil ég þakka ykkur kæru félagsmenn sem hafa treyst mér fyrir að leiða starfið á árinu. Jafnframt vil ég þakka öllum þeim sem ég hef átt samstarf við á árinu vegna starfa minna fyrir félagið. Og þá vil ég sérstaklega þakka þeim sem hætta í stjórn og nefndum á vegum félagsins fyrir vel unnin störf.

## **3. Reikningar félagsins árið 2019**

Gjaldkeri félagsins, Dóra S Jónasdóttir, gerði grein fyrir reikningum ársins 2019. Reikningarnir voru áritaðir af stjórn og skoðunarmönnum reikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr.12.238.170.- og rekstrargjöld kr.13.099.392.-. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði því kr.861.222.-. Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru kr.1.046.167.-, þannig að heildarhagnaður ársins er kr.184.945.-.

Rekstrartekjur félagsins eru félagsgjöld kr.3.811.400.-, þjónustugjöld kr.216.000.-, styrkur frá Akureyrarbæ kr.4.000.000.-, veitingasala kr.3.770.448.-, leiga á sal kr.285.322.-, aðrar tekjur kr.155.000.-.

Reikningar félagsins bornir upp til samþykktir og samþykktir samhljóða.

## **4. Skýrslur fastanefnda EBAK fyrir tímabilið 1. apríl 2019 til 2.júní 2020.**

**Skýrsla ferðanefndar**, flutt af Sigurði Hermannssyni formanni nefndarinnar

Ferðanefndin var þannig skipuð: Sigurður Hermannsson formaður,

Karl Steingrímsson varaformaður, Ásgerður Snorradóttir gjaldkeri, Þorbjörg Jónasdóttir ritari og meðstjórnendur: Helga Frímannsdóttir, Ragnheiður Kjærnested og Sævar Ingi Jónsson.

Haldnir voru 14. formlegir bókaðir fundir fyrir Covid en óformlegur fundur eftir það.

Ferðir sem farnar hafa verið frá síðasta aðalfundi:

Leikhúsferð 30. Apríl 2019 – 28 þáttakendur. Umsjón Hulda Eggertsdóttir.

Hringferð um Austfirði og Suðurland 25 – 29 júní með leiðsögn. 52 þátt. (uppselt).Fararstjórar Ásgerður og Þorbjörg.

Dagsferð Ásbyrgi og Mývatnssveit 18. Júlí 50 þáttakendur. Fararstjórar Helga og Ragnheiður.

Ferð um Snæfellsnes, Dali og Strandir 11.-14 ágúst. 42 þáttakendur (uppselt) Fararstjórar Karl og Sævar Ingi.

Sigling með Húna II 60 þáttakendur. Umsjón Sigurður.

Haustferð til Gran Kanarí 1, - 18. Okt. Í samstarfi við Heimsferðir í beinu flugi frá Ak..186 þáttakendur. (Uppselt).

Jólahlaðborðsferð til Húsavíkur 26-27 nóv. Í samvinnu við skemmtinefnd 70. Þáttakendur. (Uppselt).Umsjónaraðilar Ásgerður, Sigurður og Freysteinn.

Vetrarferð til Tenerife 21.-1 feb. 2020. Í samstarfi við Ferðaskistofu Akureyrar í beinu flugi frá Ak.. 50 Þáttakendur. Umsjónaraðili Sigurður.

Samtals 538 þáttakendur

Ferðir sem búið var að skipuleggja og selja í en varð að fella niður vegna Covid 19 veirunnar.

Ferð til Madeira í samstarfi við Heimsferðir 15.- 21. Apríl 2020. Þáttakendur 30.

Ferð til Ítalíu 1. - 15. Júní 2020 í beinu flugi frá Ak. Í samstarfi við Tanna Travel. 51 þáttakandi.

Ferðir sem búið var að undirbúa en ekki hafa verið auglýsar vegna óvissuáhrifa af Covid.

Haustferð til Benidorm 29.sept. í þrjár vikur með Heimsferðum.

Haustferð til Tenerife 28. Okt. í þrjár vikur með Ferðaskistofu Akureyrar.

Fimm daga hringferð um Vestfirði í ágúst. Rútuferð.

Dagsferð um Hörgárdal og nágrenni í júlí. Rútuferð.

Til tals hefur komið að bæta við einni rútuferð vegna niðurfellingar Ítalíuferðar.

Fjárhagsstaða:

Reikningur 1 í Landsbanka var 173.204,- Er nú Kr. 277.103,-

Reikningur 2 í Landsbanka var 79.298,- Er nú Kr. 236.735,-

Ég vil að lokum þakka öllum meðnefndarmönnum mínum kærlega fyrir mjög ánægjulegt samstarf. Sérstakar þakkir færi ég einnig Karli Steingrímssyni sem nú lætur af störfum eftir sex ára farsælt starf.

Þá vil ég þakka stjórn félagsins, öllum félagsmönnum og öðrum sem við höfum átt samstarf við á starfsárinu, fyrir samstarfið.

**Skýrsla fræðslunefndar** flutt af Hólmfríði Guðmundsdóttur formanni nefndarinnar

Fræðslunefnd var þannig skipuð: Hólmfríður Guðmundsdóttir formaður, Grétar G. Ingvarsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ragnheiður Gestsdóttir og Stefán Vilhjálmsson.

Frá aðalfundi 2019 voru haldnir 18 formlegir fundir í fræðslunefnd, einnig óformleg símtöl og tölvupóstar í allar áttir. Skipulagðir voru 16 viðburðir í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu, að meðaltali tvisvar í mánuði yfir vetrarmánuðina. Aðsókn hefur verið mjög góð, 857 hafa skrifað nafn sitt í gestabók nefndarinnar. Einnig höfum við skipulagt eftirfarandi:

- Námskeið í tölvulæsi, 6 þátttakendur
- Námskeið í skapandi skrifum, 10 þáttakendur
- 3 leshringir sem hittast á bókasafninu, 27 þátttakendur
- Námskeið um rödd og raddheilsu, 16 þátttakendur
- Bridge-námskeið var fyrirhugað en komst ekki í gang, en tekst vonandi næsta vetur
- Ráðstefna í 1/2 dag í samvinnu við Háskólann á Akureyri var undirbúin en vegna covid 19 og annara aðstæðna urðum við að fresta henni til haustsins.
- Vegna forfalla (veikinda) urðum við að fresta ferð um „sveitina mína“ en hún verður farin í vor að öllu forfallalaus.

Hafi leshóparnir hitst ca.16 sinnum hver á starfsárinu reiknast okkur til að það hafi verið u.þ.b. 350 -380 heimsóknir á Amtsbókasafnið.

Kostnaður af starfi fræðslunefndar er fremur lítill en fyrirlesurum er umbunað með gjafabréfi frá Pennanum-Eymundsson. Kostnaður í vetur til þessa er 87.205 kr. Nefndin hefur bankareikning í nafni EBAK til umráða, gerir stjórn grein fyrir kostnaði og sækir um peninga eftir þörfum.

Fundargerðir fræðslunefndar eru allar aðgengilegar í tölvu félagsins hér inni á skrifstofunni.

Nú er málum þannig háttað að 3 okkar þurfum að hætta þar sem við höfum setið í 4 ár. Samstarfið í nefndinni hefur verið sérstaklega gott, sjaldan hefur þurft að biðja einhvern að gera eitthvað, það er nánast alltaf einhver sem segir „ég skal gera þetta“. Grétar, Guðrún, Ragnheiður og Stefán hjartans þakkir fyrir þessi ár sem við unnum saman í fræðslunefndinni. Svona í lokin: Það fer ekki hjá því að margt beri á góma í vinnu nefndarinnar og þar sem einn nefndarmaður á til að bresta í bundið mál ætla ég að gefa ykkur smá sýnishorn.

Brot úr fundargerðum fræðslunefndar EBAK haustið 2019:

Hann Hörður Geirsson býsna margar myndir á sem mörgum þætti skemmtilegt að fá að sjá, Reykjadalinn Björn minn Teitsson talað getur um og tilvalið að koma upp tveimur bókakynningum. Og Stebbi sagði: „Sveitin mín er svoldið mjó en býsna fin og margt er til að mæra þar sem mjög í bókum þabba var“ en Gunna heimtar þvagleka og þess háttar

### **Skýrsla göngunefndar**, flutt af Soffíu Jónsdóttur formanni

Nefndin var skipuð: Soffía Jónsdóttir formaður, Júlíana Tryggvadóttir varaformaður, Jakob Jóhannesson gjaldkeri, Finnur Marinósson ritari, Árni Sverrisson meðstjórnandi. Nefndin sá um tólf gönguferðir í Kjarnaskóg í sumar, það er alla þriðjudaga í júní, júlí og ágúst með einni undantekningu, en þá var farið í óvissuferð á vegum göngunefndar. Í gönguferðirnar mættu samtals 420 manns, sem komu með okkur í rútunni eða 35 að jafnaði í hverri ferð. Auk þess komu nokkrir á eigin vegum og gengu með okkur.

Í síðustu gönguferðinni bauð Ingólfur Jóhannsson framkvæmdastjóri í Kjarnaskógi upp á ketilkaffi, en við komum með meðlæti og nammi. Einnig poppaði Ingólfur á útieldataði.

Í óvissuferðinni voru 42. Fórum við í Skagafjörðinn þar sem við tókum Geirmund Valtýsson með okkur, en hann þekkir hvern mann og hverja þúfu á svæðinu. Fórum við á Hofsóss en snérum svo við og fórum að Hólum í Hjaltadal. Þar fengum við leiðsögn um staðinn, sem var mjög ánægjulegt og fróðlegt. Á Hólum borðuðum við súpu og brauð.

Eftir meiri skoðun í Skagafirði undir leiðsögn Geirmundar, var farið í Ljósheima þar sem beið okkar kaffihlaðborð. Þar tók Geirmundur upp harmonikuna og spilaði og söng með fólkinu, áður en haldið var heim. Þessi ferð var að öllu leiti greidd af þátttakendum, en í ferðirnar í Kjarnaskóg greiddi EBAK fyrir rútuna.

### **Skýrsla skemmtinefndar**, flutt af Ólafi Theódórssyni varaformanni.

Nefndina skipuðu: Formaður: Freysteinn Bjarnason, varaformaður: Ólafur Theódórsson, gjaldkeri: Sigurgeir Ísaksson, ritari: Jóna Berg Garðarsdóttir, Meðstjórnendur: Matthildur Sigurjónsdóttir, Ingibjörg Árnadóttir, Júlíana Kristjánsdóttir, Hrefna Hreiðarsdóttir og Hörður Gunnarsson.

Starfsemi á vegum nefndarinnar var með hefðbundnum hætti og gekk vel alveg fram að kórónaveirunni ömurlegu sem setti allt úr skorðum. Á fundi þann 9. Mars sl. ákvað nefndin að slá af Kráarkvöld sem halda átti þann 14. mars og má segja að þar með hafi hefðbundnum störfum nefndarinnar lokið þetta starfsárið.

Helstu atriði starfsársins: Á fyrsta fundi skipti ný nefnd með sér störfum.

Fyrsta verkefni var undirbúningur vorhátíðar EBAK sem haldin var 27. apríl 2019 og var vel sótt. Síðasta kráarkvöldið var á lokadaginn 11. maí 2019 og síðasta bingóið var þann 21. maí 2019. Lauk þar með vetrarstarfi.

Þann 17. September 2019 var fyrsta bingó haustsins haldið og urðu þau alls 23 bingóin þegar sjálfhætt var þann 10. mars 2020. Vel sótt og skemmtileg.

24. sept. 2019 var fyrsta Kráarkvöldið haldið með pomp og prakt. Alls urðu þau 5 það síðasta 15. febrúar 2020

16. nóvember 2019 héldum við árshátíð í Bugðusíðu 1 og var uppselt á hátíðina, rétt um 100 manns. Þrýðisgóður matur frá Vídalínsveitingum, aðalskemmtikraftur var Gísli Rúnar Víðisson

tenórsöngvari og undirleikari hans Valmar Valjats. Dansinn dunaði rétt fram yfir mið nætti og þótti hátíðin takast vel.

26. nóvember var farin aðventuferð í samvinnu ferða-og skemmtinefnda. Farið var til Húsavíkur þar sem gíst var á Foss Hótel Húsavík. Þegið var boð eldri borgara á Húsavík og þau heimsótt í glæsilegt félagsheimili þeirra sem hefur hlotið nafnið Hlynur. Frábær móttaka og skemmtun. Um kvöldið var glæsilegt jólahlaðborð á Hótelinu, skemmtiatriði í umsjón skemmtinefndar og dans. Vel heppnuð ferð.

Alls hélt skemmtinefnd 8 formlega fundi auk þess að á hverju kráarkvöldi má segja að haldnir séu fundir þegar nefndarmenn setjast við veisluborð sem einhver tilnefndur nefndarmaður útbýr og kemur með fyrir hljómsveitina sem fær smá pásu. Upphaflega átti þetta að vera einfalt og fljótlegt en hefur snúist upp í að meðal fermingaveislur standast ekki samanburð. Þar eru ræddir viðburðir sem eru framundan og þeir sem liðnir eru, hvað megi bæta og hverju breyta, mjög gefandi spjall meðan neytt er leifanna eftir hljómsveitarmeðlimi.

Í haust sem leið baðst Matthildur Sigurjónsdóttir lausnar frá nefndarstörfum af persónulegum ástæðum og þökkum við henni gott samstarf.

Rætt var við fyrrverandi gjaldkera nefndarinnar Ágúst Ellertsson og konu hans Sigríði sem boðið höfðu fram aðstoð ef þörf væri á og einhver forföll væru í nefndinni. Þau hafa reynst okkur afar vel og kunnum við þeim bestu þakkir.

Peningamál nefndarinnar eru í góðu lagi og á gjaldkeri miklar þakkir skildar fyrir gott utanumhald. Staðan á reikningi skemmtinefndar um áramótin var 481.559,-

Allir nefndarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa og verður nefndin því óbreytt næsta starfsár. Freysteinn Bjarnason formaður.

**Skýrsla spilanefndar fyrir félagsvist**, flutt af Gunnari B. Jóhannssyni formanni nefndarinnar.

Spilanefndin var þannig skipuð: Gunnar B. Jóhannsson formaður, Ketill Hólm Freysson, Kristinn Gunnar Sigurðsson, Páll Pálsson, Sigríður Steinþórsdóttir, Jósefina Stefánsdóttir og Guðbjörg Bergsveinsdóttir.

Á síðasta ári spiluðum við í 43 skipti. Þar mættu 3200 manns (3196). Meðaltals mæting var 74. Við erum með tertuveislu 3-4 sinnum á vetri. Það kostar ennþá 500kr inn. Við keyptum auglýsingar frá Ásprent fyrir 120.000kr. Spilakort fyrir 34.000kr samtals 154.000kr. Við borgum í vinninga 22.000kr og 2 frímiðar fyrir lægstu skor og lengstu setu. Innkoman dekkjaði allan rekstur og dálítið meira en það.

**Skýrsla spilanefndar fyrir keppnisbridds**, talsmaður nefndarinnar Þorsteinn Friðriksson flutti.

Nefndina skipa Þorsteinn Friðriksson og Brynja Friðfinnsdóttir en þau sjáum um keppnisbridds í Bugðusíðu 1 á fimmtudögum frá kl. 13 – 16. Spilamennskan hófst 19 sept. 2019 og síðasti spiladagur var svo 12 mars 2020 vegna veirusýkingar eins og allir vita. Við náðum að spila tvímenning í 21 skipti og mæting að meðaltali var 30 manns sem er mjög gott. Svo náðum við að spila hraðsveitakeppni einu sinni og 9 sveitir tóku þátt. Þar sem tímabilið var svona endasleppt erum við ekki búin að veita verðlaun fyrir árangur para og sveita en munum gera það þegar við hittumst aftur í haust, hugsanlega 17 sept. Borðgjaldið mun dekkja það vel því á reikningi á klúbburinn um 85.000 kr.

**Kaffihlé í 20 mín.**

## **5. Skýrslur nefnda og annarra hópa EBAK.**

**Skýrsla dansklúbbs EBAK**, Halldór Gunnarsson formaður flutti.

**A - Stofnun dansklúbbs EBAK.**

Hugmynd að stofnun dansklúbbs EBAK kviknaði á dansnámskeiðum sem stjórn félagsins bauð eldri borgurum upp á árið 2018. Tvö grunnnámskeið voru haldin og var fjöldi dansara 52. Anna Breiðfjörð danskennari var fengin til að kenna á báðum námskeiðunum.

Dansklúbburinn var stofnaður í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu 20. febrúar 2019. 29 þátttakendur dansnámskeiðanna 2018 mættu, en alls urðu stofnfélagar klúbbsins 35.



Á fundinum var samþykkt tillaga um skipun umsjónarmanna klúbbsins en þeir eru: Dóra S Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari, Halldór Gunnarsson formaður og makar þeirra Bragi Sigurðsson, Bára Ólafsdóttir og Björg Dagbjartsdóttir.

#### **B - Almennt um starf dansklúbbsins.**

Dansað er í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu tvisvar í mánuði á miðvikudögum kl. 16:15-17:45 (eða í 90 mín.) á haust- og vorönn. Danshópurinn hefur komið saman til að dansa 15 sinnum frá stofnun og að meðaltali hafa 24 dansarar mætt í þessa tíma. Samið var við Önnu Breiðfjörð um að koma af og til í danstímana, klukkustund í senn til að rifja upp og kenna ný dansspor. Hún hefur mætt í 5 skipti.

Dansmúsíkin er að mestu leyti spiluð af netinu frá streymisveitunum spotify og youtube og lagalista settir upp í snjalltækjum, sem þráðlaust ná sambandi við hljóðkerfi hússins.

Í hléum í danstímum eru málefni og starfsemi klúbbsins oft til umræðu. Vegna covid -19 - veirunnar hefur starfsemi klúbbsins legið niðri frá 4. mars 2020.

#### **C - Starfslýsing dansklúbbsins.**

Dansklúbburinn starfar eftir starfslýsingu sem samþykkt var af stjórn EBAK 5. febrúar 2020. Í starfslýsinguinni kemur m.a. fram *að hlutverk dansklúbbsins er að gefa félögum hans tækifæri til að koma saman og dansa, læra nýja dansa og njóta samverunnar. Tilgangurinn er jafnframt þáttur í heilsuefningu eldri borgara.*

#### **D - Fjölguð meðlima dansklúbbsins.**

Á haustönn 2019 auglýsti dansklúbburinn á fésbók og heimasíðu EBAK að fleiri eldri borgarar gætu gerst meðlimir klúbbsins. Félögum fjölgaði þá um 18 manns.

Rætt hefur verið um að halda áfram að bjóða eldri borgurum að gerast meðlimir dansklúbbsins og/eða stofna nýjan hóp. Almenn ánægja ríkir meðal klúbbfélaga hvernig til hefur tekist þetta fyrsta ár. Að taka þátt í þeirri skemmtilegu tómsundaiðju að koma saman og dansa er okkur til heilsubótar og ánægju.

#### **Skýrsla golfnefndar, flutt af Sólveigu Gunnarsdóttur talsmanni nefndarinnar**

Golfnefndin er þannig skipuð: Eypór Gunnþórsson formaður, Ingi Þór Jóhannsson og ég, Sólveig Gunnarsdóttir.

Ég ætla að gera grein fyrir þúttinu sem er í boði fyrir aldraða. Yfir veturinn höfum við í samstarfi við Golfklúbb Akureyrar fengið tíma í þútti í Íþróttahöllinni. Í vetur vorum við með 2 tíma á viku þ.e. tvo hópa. Það voru 32 skráðir og var þeim skipt í þessa tvo hópa þannig að hver maður fær bara einn tíma á viku. Þetta gekk ágætlega fyrir áramót en mæting var misjöfn eins og gengur. Við lukum haustönninni með keppni 5. febrúar. Síðan var síðasti tími fyrir Covid 19 4. mars.

Í sumar fáum við svo 2 tíma á viku í þútti uppi á Jaðarsvelli án endurgjalds. Þessir tímar eru á mánudögum og fimmtudögum milli klukkan 9 og 10 og er reiknað með að fólk geti mætt í báða tímuna þ.e. tvisvar í viku. Við höfum verið með þessa tíma undanfarin sumur en þeir voru sérstaklega illa sóttir í fyrrasumar.

Síðan er frábært að vera á Dúddesen vellinum sem er 6 holu völlum. Dagurinn á hann kostar 1500kr. En sumarið kostar 19.800 kr.

Við höfum ekkert látið borga í vetur. Í sjóði eru um 280 þúsund krónur.

#### **Skýrsla Gönguklúbbs EBAK, Magnús Friðriksson talsmaður klúbbsins flutti.**

Stjórn gönguklúbbsins skipuðu Magnús Friðriksson, Hrefna Hjálmarsdóttir og Ásrún Alfreðsdóttir.

Farnar voru 19 ferðir á vegum nefndarinnar. Gengið var frá Bugðusíðu eða sameinast þar í bíla alla fimmtudaga kl. 10.00 frá 16. maí til 26. sept. Ýmist var gengið í bæjarlandinu eða nágrenni. Göngustjórar voru úr röðum EBAK félaga. Gönguleiðirnar voru frá 2 km. -7,4 km. Oftast var boðið upp á smá fróðleik í þessum ferðum. Þátttaka var frá 11 til 35 manns. Gönguklúbburinn hefur engin fjármál.

#### **Skýrsla netmiðlanefndar, Garðar Lárússon talsmaður nefndarinnar flutti**

Hlutverk nefndarinnar er að halda úti fésbókar- og heimasíðu félagsins og færa þar inn upplýsingar um starfið, fréttir og fundagerðir. Stjórn félagsins tilnefnir umsjónarmenn heimasíðu



félagsins til eins árs í senn að loknum aðalfundi. Nefndarmennirnir sl. ár voru Hallgrímur Gíslason og Garðar Lárússon, sáu þeir um um að setja allt efni inn á heimasíðuna ebak.is og að hluta til inn í fésbókarhópinn EBAK Félag eldri borgara á Akureyri. Nefndaformenn og fleiri setja á facebooksíðuna inn efni frá sínum nefndum eða hópum. Þökkum við kærlega fyrir það. Við þurfum að hjálpast að til að gera miðlana enn fjölbreyttari og áhugaverðari. Þess vegna hvetjum félagar okkar alveg eindregið til að setja inn fréttir, myndir og frásagnir frá atburðum á vegum félagsins inn í fésbókarhópinn eða senda okkur efnið til að setja inn þar eða á heimasíðuna. Um 500 félagar eru á facebooksíðunni sem er tæplega þriðjungur félagsmanna og 237 eru á póstlista heimasíðunnar. Þeir sem eru skráðir á póstlista heimasíðunnar fá tölvupóst þegar sett er inn nýtt efni. Félagar fara ekki sjálfkrafa inn á póstlistann heldur þurfa að skrá sig þar inn á forsiðu heimasíðunnar ebak.is.

Notkun á heimasíðunni eykst ár frá ári. Við hvetjum þá félagar sem ekki fá fréttir af síðunni í tölvupósti til að fara inn á ebak.is og skrá sig á póstlistann. Á heimasíðunni eru tenglar á ýmsar gagnlegar netsíður, sem er ástæða til að skoða og kynna sér. Á fésbókarsíðunni er meira efni frá starfinu en á heimasíðunni. Við hvetjum þau ykkar sem ekki eru komin í hópinn að finna hann á Facebook og óska eftir að gerast meðlimir. Allar ábendingar um efni og það sem hugsanlega má betur fara eru vel þegnar. Við Hallgrímur þökkum notendum miðlanna ánægjulegt samstarf á árinu og hvetjum alla til að nýta það efni sem sett er inn. Slíkt er til hagsbóta fyrir félagið sjálft og okkur öll.

**Skýrsla kórsins „Í FÍNU FORMI“, Jónasina Arnbjörnsdóttir formaður flutti.**

Eg kem hér fyrir hönd kórs EBAK. Í FÍNU FORMI og hef verið formaður frá hausti 2017. Kórinn er nú á sínu 34. starfsári og telur tæplega 60 manns. Æfingar eru sem fyrr x2 í viku 2 klst í senn mánud. og fimmtud. í samverusal í Víðilundi en þar er ágæt aðstaða. Kórfélagar greiða kr. 2000.- á mánuði í félagsgjald meðan kór starfar en frí er yfir 3 mán sumars. Stjórnandi er Petra Björk Pálsdóttir og meðleikari Valmar Valjäots.

Helstu atburðir frá marsmánuði 2019 til dagsins í dag.

Laugard.30 mars voru Vortónleikar kórsins í Akureyrarkirkju kl. 16:00, einsöngvari var Baldvin Kr. Baldvinsson, stjórnandi Petra Björk og meðleikari Valmar.

Sunnudaginn 5. maí héldum við tónleika í Skjólbrekku í Mývatnssveit við ágætis aðsókn... og síðan hélt hópurninn í kvöldverð í Hótel Sel....góður dagur að baki.

Vorferðin að þessu sinni var til Færeyja 15. - 21. maí. Tanni-Travel skipulagði ferðina ásamt okkar ferðanefnd. Tókst hún í alla staði mjög vel, engin áföll eða óhöpp í hópnum og sungum við 2x tónleika.

24. maí sungum við nokkur lög við opnun Handverkshátíðar í Víðilundi. Á degi aldraðra, “Uppstigningardegi”, söng kórinn við messu í Akureyrarkirkju en það er orðin hefð.

Þann 28. júní söng kórinn nokkur lög við útskrift nemenda í Háskólanum á Akureyri.

Þann 16. sept var aðalfundur kórsins og 1. æfing vetrar. Á þessum fundi lagði stjórnin fram tillögu að breyttri stjórn og var hún samþykkt. Úr stjórn gengu þá Rósa Gunnarsdóttir meðstjórnandi og Fríður Norðkvist varaformaður. Í stað Rósu kom Júlíana Tryggvadóttir. Sigríður Guðmundsdóttir, sem var ritari kom inn sem varaformaður og Ragnheiður Gestsdóttir tók við ritarastarfi. Einnig var samþykkt að hækka félagsgjald úr kr. 1500.- í kr. 2000.- á mán. Á fundinum kom Petra með póst frá Garðari Cortes þar sem kórnum var boðin þátttaka í kóramóti eldri borgara sem haldið var í Hörpu 1. des.sl. Var það fljótlega blásið af... þótti okkur ekki góður tími til rútuferðalaga fyrir e.b.!. Þann 31. október mættu til okkar “Vorboðarnir”, kór eldri borgara úr Fjallabyggð. Lengi búið að standa til að endurgjalda heimsókn okkar til þeirra. Vídalín sá um kaffi og með því í Skála og var þetta góður dagur við söng og gamanmál.

20. nóv. var haldið BINGÓ að Bugðusíðu en sú nefnd kórsins vannur gott starf ásamt “strákunum” sem raða stólum og borðum!

Jólasöngvar “Í FÍNU FORMI” hófust á Grenivík síðan öldrunarheimilunum Lögmannshlíð og Hlíð og 13 desember söng kórinn í Gleráarkirkju fyrir EBAK.

BINGÓ var svo 10. febrúar. Árshátíð kórs og gesta var haldin þann 28. febrúar að Jaðri golfsk. 80 manns mættir og virkilega flott samkoma, enda Tenorar við stjórnvölinn!! Vídalín sá um veitingar að vanda og félagar dönsuðu fram eftir kvöldi. Vortónleikar “Í FÍNU FORMI” eru

áætlaðir í Akureyrarkirkju laugard. 28. mars og verða auglýstir síðar. Þess má geta að þeir aðilar og fyrirtæki sem styrkja kórinn með einhverju móti fá boðsmíða fyrir 2 á tónleikana.

Vorferðin okkar er svo í byrjun maí og stefnt á Austurland. meira um það síðar.

Annað hvert ár eru haldin kóramót eldri borgara á Norðurlandi., síðast í Dalvíkurbyggð og nú í vor er röðin komin að Akureyri. Þetta eru 5 kórar sem æfa og syngja hver um sig 5 lög.. Skagafjörður, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Húsavík og Akureyri, líklega 220 -300 manns ásamt gestum. Við munum halda tónleikana í Glerárkirkju þriðjudaginn 28. apríl og síðan fer allur skarinn í kvöldverð í Hof. Eins og nærri má geta erum við svolítið upptekin af þessu og viljum gera allt sem best. Í stuttu máli.. vildi eg nefna þetta hérna í lokin af því þetta er dálítið ofarlega í öllu okkar starfi núna.

Stjórn kórsins “Í FÍNU FORMI” skipa nú:

Formaður: Jónasína Arnbjörnsdóttir, varaform: Sigríður Guðmundsdóttir, meðstjórn: Júlíana Tryggvadóttir, gjaldkeri: Sigrún Sæmundsdóttir, ritari: Ragnheiður Gestsdóttir.

Kórstjóri: Petra Björk Pálsdóttir og meðleikari: Valmar Valjæots

Nótnavarsla: Kristbjörg Gunnarsdóttir og Ragnheiður Brynjólfssd.

Endurskoðendur: Sigurgeir Ísaksson og Sigurður Jóhannesson

Ferðanefnd: Jóna Berg, Inga B. Ingólfssdóttir og Vilhelm Arthursson

Auk þess frábært fólk í Bingónefnd ...kaffiumsón og ekki má gleyma strákunum okkar sem alltaf eru til staðar.

Ágætu fundargestir eg hef nú minnst á það helsta sem er að gerast í kórnum okkar “Í FÍNU FORMI” en þar ríkir góður starfsandi og mætingar góðar. Því eins og eg hef minnst á áður: “Söngurinn göfgar og glæðir guðlegan neista í sál”.

Staða á reikningum kórsins “Í FÍNU FORMI”

1. jan. 2020... kr. 441.270.- 9.mars. 2020... kr.1.280.604.-

Ath. Skýrslan er samin og send til MP fyrir 20. mars og covidlokunir.

**Skýrsla notendaráðs**, flutt af Lárusi H. Sigurðssyni formanni.

Nú eru í ráðinu: Lárus Sigurðsson, Pálína Jónsdóttir, Hugrún Hólmsteinsdóttir, Páll Magnússon, Sveinn Sigurbjörnsson og Sigríður Guðmundsdóttir. Varamenn eru: Unnur Þorsteinsdóttir og Kristín Jónsdóttir. Fulltrúar EBAK eru: Hulda Eggertsdóttir og Linda Hrönn Sigfúsdóttir, varamaður Egill Jónsson.

Notendaráði er ætlað að vera tengiliður milli starfsfólks og notenda félagsmiðstöðvanna í Víðilundi og Bugðusiðu. EBAK á tvo fulltrúa í ráðinu.

Hlutverk Notendaráðs er að vera talsmenn fólksins sem nýtir þjónustuna og taka við ábendingum og tillögum um starfsemina. Notendaráð hefur á undanförunum árum tekið virkan þátt í félagsstarfinu og m.a. haft veg og vanda af undirbúningi árlegrar adventuskemmtunar í desember. S.l. haust kom ósk frá starfsfólki í Víðilundi um að Notendaráð aðstoðaði við að finna efni sem flutt yrði á föstudagshittingi í Víðilundi. Notendaráð samþykkti að aðstoða starfsfólk í Víðilundi og í Pálinukaffi í Bugðusiðu einu sinni í mánuði. Þetta má skoðast sem viss tilraun og framhaldið síðan metið í lok vorannar. S.l. vor var þriggja daga handavinnusýning í Víðilundi. Notendaráð sá um kaffisölu samkvæmt venju sýningardagana.

Seint í nóvember 2019 fékk Notendaráð fréttir af því að hugmyndir væru uppi um að flytja hluta af starfsemi Punktsins í Víðilund 22, seinni hluta ársins 2020. Þar sem málið virtist ekki hafa fengið neina kynningu meðal þeirra sem hlut ættu að og stutt var í að fjárhagsáætlun Ak-bæjar yrði samþykkt þótti Notendaráði ástæða til að óska eftir frestun á ákvörðun. Haft var samband við stjórn EBAK um sameiginlegt erindi vegna þessa. Ekki var hljómgrunnur fyrir því og sendi Notendaráð þá ósk sína um frestun bréflaga til bæjarstjórnar. Bæjarstjórn hefur ekki séð ástæðu til að svara erindinu þó eftir því hafi verið leitað.

Notendaráð heldur fundi reglulega frá sept. til og með maí, annan föstudag í mán. og oftast ef tilefni er til.

**Skýrsla fulltrúa EBAK í öldungaráði Akureyrarbæjar**, Sigríður Stefánsdóttir flutti

Á aðalfundi EBAK 2019 voru kosnir fulltrúar Félags eldri borgara í öldungaráð. Þetta þurfti að gera vegna nýrra lagaákvæða um öldungaráð og skipan. Árið áður hafði verið kosið til fjögurra ára, þ.e. til loka kjörtímabils bæjarstjórnar. Samþykkt var að aðalfulltrúar sætu áfram, þ.e.

Sigríður Stefánsdóttir, Valgerður Jónsdóttir og Halldór Gunnarsson, en nýir varamenn voru kosnir: Hallgrímur Gíslason, Hrefna Hjálmarasdóttir og Hjörleifur Hallgríms. Bæjarstjórn kaus einnig nýja fulltrúa og samkvæmt lögnum var nú tilnefndur fulltrúi frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Bæjarstjórn kús formann ráðsins úr hópi sinna fulltrúa en Sigríður var kosin varaformaður á fyrsta fundi. Samkvæmt lögum og reglum bæjarstjórnar er ráðið samráðsvettvangur um málefni eldri borgara, þjónustu við þá, stefnumótun og upplýsingagjöf. Fyrsti fundur nýs öldungaráðs var haldinn 13. maí 2019 og samtals hafa fundir orðið sex talsins. Þar hafa fjölmörg mál verið til umræðu, sum þau sömu og árið á undan. Fundargerðir ráðsins er að finna á heimasíðum Akureyrarbæjar og Félags eldri borgara en hér verða nefnd nokkur mikilvæg mál, áhersluatriði og tillögur sem félagið hefur samþykkt og sem fulltrúar eldri borgara hafa lagt fram og fylgt eftir.

**Könnun á högum eldri borgara** og viðhorfi til þjónustu og þjónustuþarfa. Lengi hefur verið bent á nauðsyn þessa. Vegna fjárhagsáætlunar var lagt til að veitt yrði fé til að fara yfir og vinna úr ýmsum könnunum sem gerðar hafa verið á landsvísu, taka út það sem varðaði Akureyri og undirbúa viðbótarkönnun. Ekki fékkst fjárveiting til þessa verkefnis en í maí var ákveðið að sækja um styrk í nýsköpunarsjóð námsmanna til að hefja verkefnið.

**Stefnumótun og aðgerðaráætlun** um málefni og þjónustu við eldri borgara, með þátttöku öldungaráðs. Hér er um brýnt verkefni að ræða. Margir í bæjarkerfinu sinna þessum verkefnum, en að okkar mati skortir mjög yfirsýn og stefnu, t.d. er í aðgerðaráætlun um velferðarstefnu bæjarins sáralítið fjallað um þjónustu við eldri borgara. Tillaga um þetta var meðal tillagna sem öldungaráð lagði fram við gerð síðustu fjárhagsáætlunar og endurtók fyrr á þessu ári. Bæjarráð tók þá vel í tillöguna og hana átti að ræða á sameiginlegum fundi öldungaráðs og bæjarstjórnar sem frestaðist vegna Covid-19-veirunnar.

**Heilsuefling:** Í samræmi við tillögur sem áður voru lagðar fram og samþykkt frá aðalfundi á síðasta ári höfum við lagt áherslu á aðgerðaráætlun og verkefni, t.d. um frístundastyrki. Síðasta vor var Halldór Gunnarsson skipaður fulltrúi öldungaráðs og Valgerður Jónsdóttir varafulltrúi í stýrihóp um heilsueflandi samfélag. Aðeins var haldinn einn fundur áður en fækkað var í þessum hópi og þá datt fulltrúi okkar út. Því miður fékkst engin fjárveiting til þessa verkefnis. En við minnum á þetta þarfa mál á flestum fundum og höfum óskað eftir að stýrihópurinn mæti á fund öldungaráðs.

**Aðgengilegar upplýsingar um þjónustu** hefur verið eitt af áherslumálum okkara, bæði á vefsíðu en einnig á prentuðu formi. Þetta verkefni er verið að vinna núna, reyndar ekki eins myndarlega og við hefðum viljað, en í undirbúningi eru nokkur upplýsingablöð sem hægt er að láta liggja frammi. Við höfum farið yfir þessar hugmyndir og komið með fjölmargar athugasemdir og tillögur.

Auk þessara tillagna hefur öldungaráð fjallað um nokkur mál, sem hafa verið til meðferðar í bæjarkerfinu. Má þar nefna eftirfarandi:

- **Reglur um akstursþjónustu** sem eru fyrst og fremst byggðar á lögum um málefni fatlaðra en við höfum lagt til að farið verði yfir þær aftur og tekið verði mið af þörfum og aðstæðum eldri borgara.
- **Samstarfsverkefni um þjónustu við fólk með heilabilun eða Alzheimer** á vegum öldrunarheimila Akureyrar sem lýst var stuðningi við.
- Einnig var lýst stuðningi við tillögu frá forstöðumanni öldrunarheimila um að teknar verði upp viðræður við heilbrigðisráðuneytið um samning um að Akureyrarbær taki **heimahjúkrun** að sér að nýju til að auðvelda samræmingu við aðra öldrunarþjónustu.
- Vegna aðhalds og sparnaðar við gerð fjárhagsáætlunar samþykkti frístundaráð að leggja niður starf **Punktsins** í núverandi mynd en flytja hluta þess í félagsmiðstöðina við Víðilund. Notendur og fleiri mótmæltu þessari ákvörðun og öldungaráð benti m.a. á að vegna fjölgunar eldri borgara á næstu árum væri frekar þörf á að bæta við húsnæði til tómsundastarfs en að minnka það og þrengja að því. Nú hafa borist þær fréttir að starfsemi Punktsins verði ekki breytt, a.m.k. ekki á þessu ári.

Enginn fundur var haldinn eftir að samkomubann tók gildi, en fulltrúar EBAK komu á framfæri ábendingum um nauðsynlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir einmanaleika og hreyfingarleysi á þessum tíma og þegar honum lyki.

Fyrir utan bókaða fundi öldungaráðs hafa fulltrúar þess tekið þátt í samráðsfundum, mætt á fundi hjá m.a. bæjarráði og velferðarráði og tekið þátt í ráðstefnum eða undirbúið þær. Við undirbúning ráðstefnu um hvernig væri að eldast á Akureyri sl. haust bentum við á nauðsyn þess að fulltrúar notenda, þ.e. eldri borgara, hefðu einnig framsögu og kæmu sjónarmiðum á framfæri. Orðið var við þessari ábendingu og tók Hrefna Hjálmsdóttir að sér að vera fulltrúi öldungaráðs. Sömu ábendingu var komið á framfæri þegar fræðslunefnd EBAK undirbjó ráðstefnu um öldrunarþjónustu ásamt Háskólanum á Akureyri. Það ætti að vera sjálfsagt að á öllum lengri málþingum og ráðstefnum um öldrunarmál heyrðist rödd úr okkar röðum. Ekkert um okkur án okkar var einu sinni sagt – og á vel við.

Fulltrúar EBAK eru samhentur hópur og hafa mikið samráð utan funda og stundum einnig við varafulltrúa. Við höfum einnig mætt á fund hjá stjórn félagsins og átt við hana gott samstarf. Slíkt samstarf og verkaskipting við stjórn og e.t.v. nefndir eins og fræðslunefnd er mjög gagnlegt og nauðsynlegt.

Gaman væri að í þessari skýrslu væri hægt að fjalla meira um árangur og afrek en raunin er. Okkur sem sinnum þessu starfi fyrir félagið finnst við þurfa að leggja óþarflega mikla vinnu í að minna á okkur og að bæjarkerfið ætti að nota betur þennan góða vettvang sem öldungaráð er til samráðs og samstarfs. E.t.v. verður það meginverkefni þessa kjörtímabils að berjast fyrir því – en við munum halda áfram að láta rödd okkar heyrast.

Fundargerðir öldungaráðs:

<https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/fundargerdir/oldungarad-local>

<http://www.ebak.is/is/fundargerdir/fundarg-annad>

Samþykkt um Öldungaráð Akureyrarbæjar: [https://www.akureyri.is/static/files/01\\_akureyri.is/pdf/2019/samthykkt-fyrir-oldungarad-akureyrarbajar-samth.-i-bajarstjorn-19.02.-2019.pdf.pdf](https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/2019/samthykkt-fyrir-oldungarad-akureyrarbajar-samth.-i-bajarstjorn-19.02.-2019.pdf.pdf)

**Skýrsla húsnæðisnefndar**, Hákon Hákonarson formaður flutti.

Stækkun húsnæðis að Bugðusíði 1 603 Akureyri, félagsaðstöðu EBAK.

Eins og okkur öllum er kunnugt hefur verið ljóst lengi að þörf er á stækkun á húsnæðinu hér sem við höfum haft afnot af undanfarin ár. Þetta hefur oft komið til umræðu á vettvangi félagsins okkar og á aðalfundi EBAK sem haldinn var 26. mars 2018 var samþykkt samhljóða tillaga um að fela stjórn félagsins að hefja viðræður við Akureyrarbæ um mögulegar breytingar og eða stækkun á húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Bugðusíðu 1. Í tillögunni var tiltekið að húsnæði félagsmiðstöðvarinnar þyrfti að þjóna sem best félags- og tómstundastarfi en salurinn nægði ekki fyrir ýmsa viðburði sem þar fara fram á vegum félagsins og aldurshópur 60 ára og eldri stækkar ört, félagsmenn EBAK séu um 1.400 og þeimfjölgi stöðugt.

Þann 26. október 2018 sendir formaður félagsins Haukur Halldórsson erindi til Bæjarstjórnar Akureyrar þar sem óskað er formlega eftir viðræðum við Akureyrarbæ um aukið rými fyrir starfsemi félagsins í Bugðusíði 2, þar kemur einnig fram að Hákon Hákonarson Helga Jónsdóttir og Birgir Björn Svavarsson hafi verið skipuð í nefnd af hálfu EBAK til að annast viðræður við bæjaryfirvöld um framgang málsins.

Föstudaginn 7. desember 2018 er svo haldinn fyrsti fundur á vegum nefndarinnar með fulltrúum Akureyrarbæjar um verkefnið.

Til fundarins voru mætt frá Akureyrarbæ Hildur Betty Kristjánsdóttir og Kristinn Reimarsson sviðstjór Samfélagssviðs bæjarins.

Hákon gerði grein fyrir óskum félagsins og reyfaði þá möguleika sem vert væri að skoða í framhaldi um aukið rými hér í Bugðusíðu 1, þ.e. að félagið fengi til afnota það pláss sem heimaþjónustan og heimahjúkrun hafa nú til afnota, eða stækka núverandi sal til suðurs.

Fulltrúar Akureyrarbæjar tóku erindunu jákvætt og var samþykkt að þau myndu boða til næsta fundar um verkefnið í byrjun ársins 2019.

Viðræðunefndin hafði einnig samband við framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar Akureyri um hugsanleg afnot félagsins af pláss sem virtist lítið notað við hliðina á salnum okkar sem er í eigu líkamsræktarstöðvarinnar.

Því miður var svarið neikvætt frá þeim.

Lausleg skoðun varðandi stækkun á salnum til suðurs sýndi við fyrstu sýn enga annmarka á að það væri hægt og kostnaður við c.a. 100 m<sup>2</sup> stækkun gæti legið á bilinu 25-35 milljónir.

Menn voru nu nokkuð bjartsýnir á áframhaldandi viðræður við bæinn á jákvæðum nótum strax eftir áramótin.

Það fór hinsvegar því miður á annan veg. Þrátt fyrir margítrekaðar óskir frá okkur í viðræðu nefnd gekk ekki að fá annan fund með fulltrúum bæjarins. Hins vegar barst mér eftirfarandi tölvupóstur frá Kristni Reimarssyni þann 30. ágúst 2019.

„ Sæll Hákon

Það er nú orðið ljóst að ekki er hægt að verða við beiðni ykkar um aukið rými í Bugðusíðu að svo stöddu. Það er í umræðunni að heimaþjónustan og heimahjúkrun færist í nýja heilsugæslustöð en hvenær það verður er ekki gott að segja. Frístundaráð mun taka erindið upp aftur á næsta fundi og afgreiða það formlega. Biðst afsökunnar á því hversu lengi þetta hefur verið hér á borðinu hjá mér þrátt fyrir ítrekuð símtöl frá þér um svör.“

Viðræðu nefnd EBAK barst aldrei hið formlega svar frá Akureyrarbæ en formanni félagsins mun hafa verið svarað formlega. Það skiftir þó litlu máli í augnablikinu því ljóst er að verkefnið er með öllu óleyt og verður því áfram til úrlausnar með hvaða hætti svo sem það verður gert.

Viðræður hafa verið í gangi um málið af hálfu stjórnar félagsins við bæinn sem ég vona að haldi málinu opnu áfram og leiði það til farsælla lykta.

Ég vil svo að lokum þakka þeim Helgu og Birgi fyrir gott samstarf í viðræðunefndinni.

### **Fyrirspurnir og umræður um skýrslur nefndanna.**

Jóna Berg spurði hvort hugað hefði verið að öðrum stað fyrir starfseminu. Formaður svaraði að ekki hefði verið leitað eftir því.

Fyrirspurn frá Hjörleifi Hallgríms: „Hefur stjórnin ekki verið með í Punktsmálinu?

### **6. Árgjald félagsins fyrir 2020.**

Formaður Haukur Halldórsson gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að árgjald í EBAK verði 3000 kr. en 90 ára og eldri verði gjaldfríir. Félagsgjald til LEB verður 700kr. Árgjald EBAK hefur ekki hækkað í 5 ár. Reksturinn hefur verið í járnnum. Umræður og tillagan var samþykkt samhljóða.

## **7. Breytingar á samþykktum.**

Hallgrímur Gíslason kynnir breytingatillögur stjórnar.

**1. gr. Nafn og heimili.** *Fyrir breytingu:* Félagið heitir Félag eldri borgara á Akureyri, skammstafað EBAK. Heimili og varnarþing þess er á Akureyri. Heimasíða félagsins er ebak.is og netfang er ebak@ebak.is.

*Eftir breytingu:* Félagið heitir Félag eldri borgara á Akureyri, skammstafað EBAK. Starfssvæði þess er Akureyri og nágrenni. Heimili og varnarþing þess er á Akureyri. Heimasíða félagsins er ebak.is og netfang er ebak@ebak.is.

**2. gr. Hlutverk.** *Fyrir breytingu:*

Hlutverk félagsins er að vinna að félags- og hagsmunamálum eldri borgara svo sem:

- a) með skemmtanahaldi og ferðalögum.
- b) með fræðslufundum og námskeiðahaldi.
- c) með líkamspjálfun og útivist.
- d) með kynningu á réttindum og skyldum eldri borgara í samfélaginu.
- e) með úrbótum í húsnæðismálum eldri borgara, atvinnumálum og efnahagsmálum.
- f) með því að vera tengiliður og umsagnaraðili milli eldri borgara á Akureyri og þeirra aðila Akureyrarbæjar og ríkisstofnana, sem annast málefni er varða hagsmuni eldri borgara.
- g) með aðild að öldungaráði Akureyrarkaupstaðar.
- h) með því að vinna að öðrum þeim verkefnum sem stjórnin telur ástæðu til að félagið annist.

*Eftir breytingu:*

- a) með skemmtanahaldi, ferðalögum og fræðslu af ýmsum toga.
- b) með margþættri heilsueflingu.
- c) með kynningu á réttindum og skyldum eldri borgara í samfélaginu.

- d) með úrbótum í húsnæðismálum eldri borgara, atvinnumálum og efnahagsmálum.
- e) með aðild að öldungaráði Akureyrarbæjar og hafa á annan hátt samskipti við þá aðila sem annast málefni er varða hagsmuni eldri borgara.
- f) með því að vinna að öðrum þeim verkefnum sem stjórnin telur ástæðu til að félagið annist.

**3. gr. Félagar.** *Fyrir breytingu:*

- b) Haldin skal skrá yfir fullgilda greiðandi félagsmenn sem lögð verði til grundvallar félagslegum réttindum í EBAK.
- c) Styrktarfélagar geta einstaklingar orðið og fyrirtæki.

*Eftir breytingu:*

- b) Árgjald yfirstandandi árs er ákveðið á aðalfundi. Félagar 90 ára og eldri greiða ekki árgjald.
- c) Haldin skal skrá yfir fullgilda greiðandi félagsmenn sem lögð verði til grundvallar félagslegum réttindum í EBAK. Einnig skrá yfir gjaldfría félaga 90 ára og eldri.
- d) Einstaklingar og fyrirtæki geta orðið styrktarfélagar.

**5. gr. Stjórnskipan.** *Fyrir breytingu:*

- b) Stjórnarmenn skal kjósa til tveggja ára þannig að annað árið er kosinn formaður, þrír aðalmenn og einn varamaður og hitt árið þrír aðalmenn og tveir varamenn. Hætti stjórnarmaður á miðju kjörtímabili skal, þrátt fyrir ofangreint ákvæði, kjósa eftirmann hans til eins árs. Stjórn ákveður röð varamanna á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund.

*Eftir breytingu:*

- b) Kjörtímabil aðalstjórnar er tvö ár. Formaður er kosinn sérstaklega annað hvert ár. Á hverjum aðalfundi skal kjósa þrjá aðalmenn til tveggja ára. Varamenn eru kosnir til eins árs. Hætti stjórnarmaður á miðju kjörtímabili skal, þrátt fyrir ofangreint ákvæði, kjósa eftirmann hans til eins árs. Stjórn ákveður röð varamanna á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund.

**6. gr. Aðalfundur. Liður e) Dagskrá aðalfundar.** *Fyrir breytingu:*

- f) Breytingar á samþykktum.
- g) Kosningar skv. 5., 9., 10., 11. og 12. gr. eftir því sem við á.
- h) Afgreiðsla tillagna, ályktana og erinda sem lögð eru fyrir fundinn. Slíkar tillögur og erindi ber að senda stjórn félagsins skriflega minnst tveimur vikum fyrir aðalfund.
- i) Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna.
- j) Önnur mál.

*Eftir breytingu:*

- f) Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna.
- g) Fjárhagsáætlun lögð fram.
- h) Breytingar á samþykktum.
- i) Kosningar skv. 5., 9., 10., 11. og 12. gr. eftir því sem við á.
- j) Afgreiðsla tillagna, ályktana og erinda sem lögð eru fyrir fundinn. Slíkar tillögur og erindi ber að senda stjórn félagsins skriflega minnst tveimur vikum fyrir aðalfund.
- k) Önnur mál.

**11. gr. Öldungaráð.** *Fyrir breytingu:*

- a) Félag eldri borgara á Akureyri kýs 3 fulltrúa og 1 til vara til setu í Öldungaráði samkvæmt samþykkt milli félagsins og Akureyrarkaupstaðar. Kosningin skal fara fram sama ár og bæjarstjórnarkosningar og skal lokið eigi síðar en á aðalfundi félagsins það ár. Kosningarétt og kjörgengi hafa skráðir félagar á kjördegi.

*Eftir breytingu*

- a) Félag eldri borgara á Akureyri kýs 3 fulltrúa og 3 til vara til setu í Öldungaráði samkvæmt 38. grein laga nr. 40/1991 með áorðnum breytingum. Kosningin skal fara fram sama ár og bæjarstjórnarkosningar og skal lokið eigi síðar en á aðalfundi félagsins það ár. Kosningarétt og kjörgengi hafa skráðir félagar á kjördegi.

Fundarstjóri afgreiddi hverja grein fyrir sig og voru þær allar samþykktar samhljóða, nema eitt mótatkvæði kom við breytingartillögu við 1. gr. Samþykktirnar í heild sinni með áorðnum breytingum voru samþykktar og öðlast þær þegar gildi.

## 8. Kosningar í stjórn og nefndir félagsins.

Kolbeinn Sigurbjörnsson, formaður uppstillinga-nefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og kynnti uppstillingalistann þ.e. fulltrúa í stjórn og nefndir félagsins. Listinn er sjálfkjörinn.

### Skýrsla uppstillinganefndar

Ágætu félagar, mér var falið af hálfu stjórnar og uppstillingarnefndar að kynna framboð fólks til stjórnar og nefnda.

Ég vil byrja á að þakka samnefndarfólki mínu þeim: Arnheiði Kristinsdóttur, Baldri Þorsteinssyni, Snjólaugu Sigurðardóttur og Þorgerði Þorgilsdóttur fyrir störf þeirra og einnig vil ég þakka stjórn félagsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Nefndin hélt fundi eftir þörfum og komst að sameiginlegri og samhljóða niðurstöðu um þær tillögur sem hér eru lagðar fram. Tekið skal fram að reynt var að fylgja þeim tilmælum að sem jöfnust kynjahlutföll væru í nefndum og stjórn, þótt ögn halli á í sumum þeirra.

Að síðustu vil ég fara fram á það að þið komið ábendingum til uppstillingarnefndar ef þið hafið vitneskju um fólk sem reiðubúið er til að vinna fyrir félagið okkar því alltaf er þörf fyrir vinnufúsar hendur.

Tillögur Uppstillingarnefndar til aðalfundar EBAK 2020 um stjórn og nefndir.

**Formaður** :Hallgrímur Gíslason.

### Aðalstjórn:

Garðar Lárusson

Birgir B. Svavarsson

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Nanna B. Þórsdóttir

Torfhildur S. Þorgeirsdóttir

Helgi Aðalsteinsson.

### Varastjórn:

Eva B. Magnúsdóttir

Sigurður Harðarson

Friðrik Vagn Guðjónson.

### Nefndir:

#### Ferðanefnd;

Sigurður Hermannssón

Þorbjörg Jónasdóttir

Sævar Ingi Jónsson

Sævar Hallgrímsson

Ásgerður Snorradóttir

Ragnheiður Kjærnested

Helga Frímannsdóttir.

#### Fræðslunefnd:

Valdís Gunnlaugsdóttir

Sverrir Páll Erlendsson

Hreinn Pálsson

Guðrún Sigurðardóttir

Ragnheiður Gestsdóttir.

#### Göngunefnd:

Finnur Ö. Marinósson

Árni Sverrisson

Guðrún J. Gunnarsdóttir

Hólmfríður R. Jóhannsdóttir

Ólafur Dan Snorrason.

### Kaffinefnd:

Nína Ingvadóttir

Svana Aðalbjörnsdóttir

Alda Traustadóttir

Soffía Valdimarsdóttir

Inga Guðmundsdóttir.

### Spilanefndir:

#### a. Félagsvist:

Magnús Kristinsson

Helga Pálína Harðardóttir.

Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Jósefína Stefánsdóttir

Kristinn G. Sigurðsson

Sigríður Steinþórsdóttir

Páll Pálsson

Ketill Hólm Freysson

#### b. Bridds

Brynja Friðfinnsdóttir

Þorsteinn Friðriksson.

### Golfnefnd:

Sólveig Gunnarsdóttir

Eyþór Gunnþórsson

Ingi Þór Jóhannsson.

### Skemmtinefnd:

Júlíana Kristjánsdóttir

Hörður Gunnarsson

Sigurgeir Ísaksson

Jóna Berg Garðarsdóttir

Freysteinn Bjarnason

Ingibjörg Árnadóttir

Matthildur Sigurjónsdóttir

Hrefna Hreiðarsdóttir

Ólafur Theódórsson

Baldvin J. Bjarnason

Guðný Bergvinsdóttir.



## **Ávarp nýs formanns, Hallgríms Gíslasonar, á aðalfundi 2020.**

Fundarstjóri, góðir félagar.

Kærar þakkir fyrir að treysta mér til að vera formaður þessa öfluga félags. Þrátt fyrir að frábærir einstaklingar hverfi úr stjórninni stand ég ekki einn, því kraftmikið fólk stendur með mér við stjórnvölinn.

Starfsemin hér í Bugðusíðu hefur aukist mikið á undanförunum misserum og eiga okkar ágætu starfsstúlkur mikinn þátt í því. Eitt af brýnustu verkefnum þeirra og nýrrar stjórnar í sameiningu er að finna vaskan hóp sjálfboðaliða, bæði til að leysa þær af og aðstoða þegar mest er að gera. Best er að gefa sig fram, t.d. við Lindu.

Húsnæðið hér er gjörsamlega sprungið utan af starfseminni, hindrar aukna þátttöku og það kemur æ oftast fyrir að salurinn fyllist og jafnvel þurfi að vísa fólki frá. Á þessu þarf að ráða bót sem allra fyrst.

Við skulum nýta sumarið vel til að vera úti. Á vegum félagsins eru göngur á þriðjudögum og fimmtudögum og á miðvikudögum eru sögugöngur fyrir 60 ára og eldri á vegum Akureyrarbæjar. Margir stunda golf og útileikfimi. Svo má alltaf ganga á eigin vegum. Það eru víða bekkir sem hægt er að hvíla sig á, ef á þarf að halda. Aðalatriðið er að hreyfa sig.

Starf félagsins hvílir að miklu leyti á nefndunum. Því er nauðsynlegt að styðja þær og styrkja eins og mögulegt er. Við þurfum alltaf að vera vakandi fyrir nýjum hugmyndum í starfinu. Sameiginlegur fundur stjórnar og nefndaformanna á haustdögum er vettvangur til að koma þeim á framfæri. Einnig er hlutverk notendaráðs að koma hugmyndum notenda á framfæri.

Við þurfum að halda áfram með spjaldtölvukynningar fyrir þá sem lítið eða ekkert nota tölvur. Þær eru orðnar nauðsynlegar fyrir alla eldri borgara, einkum vegna mikillar þróunar á velferðartækni.

Svona er hægt að halda lengi áfram, en ég læt hér staðar numið og treysti á gott samstarf við alla þá sem koma að starfi félagsins á einn eða annan hátt.

Í táknrænni athöfn afhenti fráfarandi formaður Haukur Halldórsson nýjum formanni Hallgrími Gíslasyni lykjavöldin í Bugðusíðu 1.

## **9. Tillaga stjórnar um uppstillinganefnd fyrir aðalfund í mars 2020**

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um fulltrúa í uppstillinganefnd og skoðunarmenn reikninga félagsins.

Í uppstillinganefnd verði: Arnheiður Kristinsdóttir, Snjólaug Sigurðardóttir, Þorgerður Þorgilsdóttir, Gestur Jónsson, Birgir Sveinbjörnsson.

Skoðunarmenn reikninga verði: Ásgerður Snorradóttir og Baldur Guðvinsson

Listinn er sjálfkjörinn.

## **10. Ályktanir fundarins.**

**a) Ályktun um gerð heildstæðrar aðgerðaráætlunar um málefni eldri borgara.** Hallgrímur Gíslason gerði grein fyrir ályktuninni.

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri, haldinn 2. júní 2020, samþykkir að óska eftir því við Öldungaráð Akureyrarbæjar að það beiti sér fyrir því að vinna við gerð heildstæðrar aðgerðaráætlunar, til fimm eða tíu ára, um málefni eldri borgara á félagssvæðinu hefjist sem fyrst. Í henni skal meðal annars leggja mikla áherslu á heilsueflingu.

Að vinnunni þurfa að koma fulltrúar þeirra ráða og deilda innan bæjarkerfisins sem sinna málefnum eldri borgara á einhvern máta. Einnig þurfa Félag eldri borgara á Akureyri, Öldungaráð Akureyrarbæjar og Heilbrigðisstofnun Norðurlands að eiga aðild að vinnunni.

### **Greinargerð.**

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru 60 ára og eldri 20,04% af íbúum á landinu öllu 1. janúar 2020, en 21,30% (4.052 af 19.025) af íbúum Akureyrar. Miðað við svipaða fjölgun íbúa og verið hefur og spár um aukna fjölgun eldri borgara má áætla að íbúum á Akureyri 60 ára og eldri fjölgi um eða yfir 1.000 manns á næstu 10 árum.

Þjónusta við þennan hóp þarf því að aukast verulega á komandi árum og er nauðsynlegt að undirbúa þá aukningu mjög vel á öllum sviðum.

Besta og ódýrasta forvörnin er að seinka þörf íbúanna á dvöl á hjúkrunarheimilum.

Í velferðarstefnu Akureyrarbæjar, sem samþykkt var í bæjarstjórn 4. september 2018 stendur, undir liðnum Forvarnir og fræðsla, í fjórða lið: „*Bodid skal upp á fjölbreytt tómstundastarf og fræðslu fyrir aldraða til að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Sérstök áhersla er lögð á hreyfingu og almenna heilsueflingu*“.

Markmið samnings á milli Félags eldri borgara á Akureyri og Akureyrarbæjar „er að tryggja og viðhalda andlegri, félagslegri og líkamlegri færni þeirra til að njóta áraanna eftir vilja og getu hvers og eins.“ Einnig að félags- og tómstundastarfinu sé ætlað að „efla frumkvæði, sjálfstæði og áhuga og stuðla að meiri virkni og þátttöku eldri borgara.

Heilsuefling er tvímælaust besta forvörnin. Akureyri var sjötta bæjarfélagið á landinu til að skrifa undir samning við landlækni um heilsueflandi samfélag 28. ágúst 2015. Nú eru þau orðin 28. Meginþættir verkefnisins eru m.a.: Næring, hreyfing, geðrækt og lífsgæði. Verkefnið skal ná til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, vinnustaða og eldri borgara. Einnig hefur skilgreiningin verið sú að verkefnið skuli ná til barna, ungs fólks, fullorðinna og eldri borgara. Með orðunum *eldri borgarar* er í þessu tilviki átt við 65 ára og eldri.

**b) Ályktun um 40 ára afmæli EBAK,** Haukur Halldórsson gerði grein fyrir tillöggunni:

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri, haldinn 2. júní 2020, minnir á að félagið verður fertugt þann 3. október 2022. Mælt er til þess að stjórn EBAK skipi nefnd til að halda upp á afmælið, m.a. með því að skrá sögu félagsins.

Báðar ályktanirnar voru samþykktar samhljóða.

## 11. Önnur mál:

a) Fulltrúar í stjórn og nefndum félagsins sem hætta störfum kvaddir.

Þeir sem hætta í stjórn, nefndum, ráðum og öðrum hópum á aðalfundi 2020:

**Úr stjórn:**

Haukur Halldórsson (4), Margrét Pétursdóttir (4), Dóra S. Jónasdóttir (4).

**Úr ferðanefnd:**

Karl Steingrímsson (5), Ásgerður Snorradóttir (4).

**Úr fræðslunefnd:**

Hólmfríður Guðmundsdóttir (4), Grétar G. Ingvarsson (4), Stefán Vilhjálmsson (4).

**Úr göngunefnd:**

Soffía Jónsdóttir (4), Júlíana Tryggvadóttir (4), Jakob Jóhannesson (4).

**Úr kaffinefnd:**

Sigurveig G. Einarsdóttir (5).

**Úr spilanefnd (félagsvist):**

Gunnar Jóhannsson (5).

**Úr uppstillinganefnd:**

Baldur Þorsteinsson (4), Kolbeinn Sigurbjörnsson (4).

**Alls hætta 15 manns**

b) Margrét Pétursdóttir bað um orðið, þakkaði samstarf undanfarinna ára og hvatti félagsmenn til þátttöku og dáða í starfsemi félagsins.

c) Páll Magnússon kvaddi sér hljóðs, benti á frábært starf fráfarandi gjaldkera Dóru S. Jónasdóttur og bað fundarmenn að gefa henni gott klapp.

**Fundarslit:** Benedikt Sigurðarson þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi.

Fundargerð rituðu: Margrét Pétursdóttir og Garðar Lárusson.

